



AÐALSKIPULAG RANGÁRPINGS YTRA 2016-2028

Geitasandur, Geldingalækur – breyting aðalskipulags

Landbúnaðarland / skógræktar- og landgræðslusvæði

03.06.2024

Br. 28.02.2025



SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 9.4.2025



Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann 18.08.2025



Gudrun Lára Ósvensdóttir

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: 23.5.2024

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: 13.1. með athugasemdafresti til: 26.2.2025

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____.

AÐALSKIPULAGSBREYTING

SKJALALYKILL

109123-GRG-001-V03

HÖFUNDUR

HB / MS / BRE

RÝNT

ÁJ/SOS

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	4
3	TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR	6
3.1	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028	6
3.2	Landsskipulagsstefna 2024-2038	7
3.3	Vatnaáætlun	7
3.4	Deiliskipulag	8
3.5	Fornminjar	8
4	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI	8
4.1	Breytingar á uppdrætti	8
4.2	Breytingar á greinargerð	8
5	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	9
5.1	Tengsl við aðrar áætlanir	9
5.2	Umhverfisþættir og áherslur	9
5.3	Valkostir	10
5.4	Mat á umhverfisáhrifum	11
5.4.1	Niðurstaða	12
6	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	13
6.1	Umsagnaraðilar	13
6.2	Skipulagsferlið	13
6.3	Breytingar að lokinni auglýsingu	13

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016-2028 í samræmi við 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga 123/2010.

Gerð er breyting á landbúnaðarlandi og einnig á skógræktar- og landgræðsluslusvæðum.

Hluti svæðis SL5 sem tilheyrir landinu Geitasandur (L199603) minnkar og verður sá hluti skilgreindur sem landbúnaðarsvæði þar sem m.a. er fyrirhuguð fræræktun. Þá verður nýtt, 136,4 ha skógræktar- og landgræðsluslusvæði SL29, stofnað úr jörðinni Geldingalæk (L164490) þar sem fyrirhuguð er skógrækt, aðallega birki, m.a. til kolefnisbindingar.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð er breyting á greinargerð og sveitarfélagsuppráttu. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Gildandi og breyttur sveitarfélagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
- Greinargerð þessi.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Geitasandur

Fyrir liggur umsókn um framkvæmdaleyfi til akuryrkju, aðallega til fræræktar, á svæði á Geitasandi og er hluti þess svæðis innan skilgreinds svæðis til landgræðslu og skógræktar (SL5). Gert er ráð fyrir að fella út hluta af skógræktar- og landgræðsluslusvæði SL5 innan Geitasands (L199603), en heildarstærð svæðisins (SL5) er um 1010 ha og mun allt að þriðjungur þess verða breytt og skilgreint í staðinn sem landbúnaðarsvæði. Um að ræða land í nágrenni svifflugvallarins á Geitamel.

Flugbraut / lendingarstaður FV4 innan svæðisins helst óbreytt.



MYND 1. Áætlað akuryrkjusvæði, skv. umsókn um framkvæmdaleyfi, eru innan gulu flákana. Mynd af map.is.

Aðkoma að fyrirhuguðu landbúnaðarsvæði á Geitasandi er af Rangárvallavegi nr. 264. Svæðið er að mestu grætt upp, en það er nær allt vaxið lúpínu og einnig er gras farið að taka yfir lúpínuna á sumum stöðum, svæðið er að mestu flatt.

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis og svæðið er utan skilgreindra verndarsvæða.

Geldingalækur

Gert er ráð fyrir að breyta landbúnaðarsvæði syðst í landi Geldingalækjar (L164490), svokallað Stórholt, í 136,4 ha skógræktar- og landgræðslusvæði.

Markmið breytingarinnar er að auka þekju birkiskóga á svæðinu og þannig stuðla að kolefnisbindingu, auk þess að nýta viðinn síðar meir.

Aðkoma að svæðinu er um Rangárvallaveg, og eftir atvikum einnig um Þingskálaveg (nr. 268). Svæðið er að mestu grætt upp, en það er nær allt vaxið lúpínu og einnig er gras farið að taka yfir lúpínu. Svæðið er að nokkuð flatlent holt grýtt að hluta.

Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðis og svæðið er utan skilgreindra verndarsvæða.



MYND 2. Fyrirhuguð skógrækt er innan rauða flákans. Mynd af Google maps.

Gætt verður að því að gróður skerði ekki vegsýn að báðum svæðunum og sé ekki innan skilgreindra veghelgunarsvæða.

Sveitarfélagið telur að breyting aðalskipulags sé í samræmi við 5. gr. jarðalaga. Annars vegar þar sem verið er að tryggja að landbúnaðarland verði nýtt til skógræktar í sveitarfélagini, m.a. til framleiðslu skógarafurða og bindingu kolefnis. Umrætt svæði er rýrt holt sem hefur að hluta verið nýtt til beitar en að mestu verið í uppgræðslu og er vaxið lúpínu að stórum hluta. Þess í staðs er stofnað nýtt 136,4 ha svæði þar sem fyrirhuguð er skógrækt. Skógrækt kemur ekki í veg fyrir að áfram verði hægt að stunda landbúnað á aðliggjandi svæðum og áfram er nægilegt framboð af góðu landbúnaðarlandi. Hins vegar er verið að taka um 350 ha af skógræktar- og landgræðslusvæði sem var lítt gróið svæði en hefur verið grætt upp með friðun, lúpínu o.fl. síðustu 60 árin. Það svæði er endurskilgreint sem landbúnaðarland þar sem svæðið kemur til með að nýtast til kornræktunar og því hefur landgræðsla þar skilað góðum árangri.

3 TENGSL VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Við breytingu á aðalskipulagi er horft til eftirfarandi áætlana:

3.1 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Aðalskipulagið var staðfest í október 2019.

Í kafla 2.3.2 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna fyrir skógræktar- og landgræðslusvæði:


- Leitast verði við að efla skógrækt, uppgræðslu- og landbótastarf.
- Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf.
- Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum.
- Skipulag skógræktar taki mið af að vernda ásýnd og landslag.
- Unnið verði að stöðvun landbrots af völdum fallvatna ef þurfa þykir.

Tafla 1. Skógræktar- og landgræðslusvæði í aðalskipulagi Rangárþings ytra.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL5	Geitasandur	Uppgræðslurannsóknir. Sand- og melasvæði nýtt til landgræðslu- og skógræktartilrauna. Stærð svæðis er um 1010 ha.

Í kafla 2.3.1 í aðalskipulaginu er eftirfarandi stefna um landbúnaðarsvæði:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Landbúnaður verði áfram stundaður á bújörðum, með eðlilegum þróunarmöguleikum ýmissa atvinnugreina sem henta á slíkum svæðum.
- Landbúnaður verði efldur sem atvinnugrein og leitað leiða til uppbyggingar stoðgreina hans.
- Landnýting sé í sátt við náttúruna og misbjóði henni ekki.
- Áfram verði stuðlað að eðlilegri sambúð landbúnaðar og annarrar byggðar.
- Áfram verður stuðlað að uppbyggingu í dreifbýli sem m.a. styrkir rekstur núverandi veitu- og dreifikerfa.
- Gætt skal að verndun umhverfis og lífríkis fallvatna m.a. til að efla fiskgengd og veiðimöguleika.
- Heimiluð er minniháttar skógrækt og skjólbtarækt.



MYND 3. Hluti Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028. Skipulagssvæðin eru innan rauðu hringjanna.

3.2 Landsskipulagsstefna 2024-2038

Í Landsskipulagsstefnu er sett fram samræmd stefna ríkisins um skipulagsmál sem byggir á þeirri framtíðarsýn „*að skipulag stuðli að sjálfbærri þróun og lífsgæðum, styðji við samkeppnishæfni og sveigjanleika og stuðli að viðnámsþrótti gagnvart samfélags og umhverfisbreytingum*“.

Í stefnunni eru sett fram markmið um að vernd umhverfis og náttúru skuli stuðla að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu viðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Stuðla skal að almennri velsæld samfélagsins og gæðum í hinu byggða umhverfi með jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Þá skal skipulag stuðla að samkeppnishæfu atvinnulífi með því að auka samkeppnishæfni samfélags og efla atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda.

Í stefnunni kemur m.a. fram að:

- Skipulag stuðli að möguleikum á fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarlands í sátt við umhverfi og stuðli að fæðuöryggi þjóðarinnar.
- Í skipulagi dreifbýlis verði mörkuð stefna um landnotkun sem dragi úr losun gróðurhúsalofttegunda og auki bindingu kolefnis, svo sem skógrækt, endurheimt votlendis og jarðvegs.
- Við val á svæðum til bindingar kolefnis verður m.a. tekið mið af landnotkun, náttúrugæðum, líffræðilegri fjölbreytni, menningarminjum og náttúruvá.

3.3 Vatnaáætlun

Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest árið 2022 á grunni laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 en markmið þeirra er að vernda allt vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand

vatnvistkerfa til að vatn njóti heildstæðar verndar. Að auki er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma verndar vatnsauðlindarinnar.

Skipulagssvæðin eru innan grunnvatnshlotsins Landeyjar 103-252-G. Umhverfismarkmið grunnvatnshlotsins er að tryggja góða magnstöðu og gott efnafraeðilegt ástand.

3.4 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir skipulagssvæðin.

3.5 Fornminjar

Aðalskráningu fornleifa í Rangárþingi ytra er lokið. Fornleifaskráning var gerð á báðum svæðum. Geitasandur var kannaður árið 2007 og land Geldingalækjar var kannað árið 2009. Báðar þessar fornleifaskráningar voru hlutu af heildarskráningu Rangárþings ytra. Engar þekktar minjar eru innan skipulagssvæðanna.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laganna. Minnt er á að friðhelgað svæði umhverfis fornminja er 15 m skv. 22. gr. laga um menningarminja nr. 80/2012.

4 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar verða breytingar bæði á skipulagsuppdrætti og gildandi greinargerð Aðalskipulags Rangárþings ytra 2016-2028.

4.1 Breytingar á uppdrætti

Hluti af SL5 Geitasandur verður fellt út og breytt í landbúnaðarland. Skilgreint verður nýtt 136,4 ha skógræktar- og landgræðslusvæði SL29 Geldingalækur.

4.2 Breytingar á greinargerð

Hluti af SL5 verður fellt út og breytt í landbúnaðarland. Skilgreint verður nýtt skógræktar- og landgræðslu svæði við hlið SL29.

Tafla 2. Tafla fyrir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
SL5	Geitasandur	Uppgræðslurannsóknir. Sand- og melasvæði nýtt til landgræðslu- og skógræktar-Tilrauna. Stærð svæðis er um 1.010 ha.

Tafla 3 Tafla eftir breytingu:

Nr.	Heiti svæðis	Lýsing
SL5	Geitasandur	Uppgræðslurannsóknir. Sand- og melasvæði nýtt til landgræðslu- og skógræktar-tilrauna. Stærð svæðis er um 663,6 ha.
SL29	Geldingalækur	Uppgræðsla/skógrækt, aðallega birkiskógrækt, m.a. til bindingar kolefnis. Stærð svæðis er um 136,4 ha.

5 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Aðalskipulagsbreytingin fellur undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Með breytingunni er mörkuð stefna um framkvæmdir sem kunna að hafa í för með sér umhverfisáhrif.

5.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Í umhverfismatsskýrslu er gerð grein fyrir tengslum og samræmi við aðrar áætlanir og stefnur sem taka þarf tillit til eða geta haft áhrif á breytinguna. Helstu stefnur og áætlanir má sjá í kafla 3.

5.2 Umhverfisþættir og áherslur

Í umhverfismatsskýrslu með aðalskipulagsbreytingunni verða skoðuð áhrif á þá umhverfisþætti sem tilgreindir eru í töflu 3 og þeir metnir í samræmi við stefnuskjöl og viðmið. Yfirlit yfir meginþurningar í umhverfisskýrslu er að finna í töflunni. Viðmið fyrir hvern umhverfisþátt eru sett með tilliti til laga og reglugerða, stefnuskjala sveitarfélagsins auk viðmiða í opinberum stefnuskjöldum.

TAFLA 3. Umhverfisþættir, viðmið og matssþurningar.

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	<p><i>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Hugað skal að því að trjá- og skógrækt spilli ekki útsýnisstöðum, byrgi ekki ásýnd fjalla og fossa eða valdi snjósöfnun á vegum. <p><i>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu sambætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. <p><i>Aðgerðaráætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</i></p> <ul style="list-style-type: none"> Skógrækt stuðli að auknum umhverfisgæðum á borð við jarðvegsvernd. Val á landi til skógræktar taki tillit til landslags. <p><i>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</i></p>	<p>Hefur stefnan áhrif á landslag og náttúrulegt yfirbragð svæðisins?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á jarðveg?</p> <p>Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?</p>

UMHVERFISPÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Stuðla að verndun jarðvegs og draga úr hugsanlegu tjóni vagna náttúrvár. 	
Gróður og dýr Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.	<p>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</p> <ul style="list-style-type: none"> Að landnýting tekur mið af ástandi og getu vistkerfa. <p>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</p> <ul style="list-style-type: none"> Unnið verði að stöðvun gróður- og jarðvegseyðingar og endurheimt landgæða, þar sem þess þarf. <p>Vistgerðarkortlagning Ni.</p> <ul style="list-style-type: none"> VOT-S-3 mikilvægt fuglasvæði. <p>Lög um skógrækt nr. 33/2019.</p> <ul style="list-style-type: none"> Að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Loft Losun gróðurhúsalofttegunda.	<p>Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.</p> <ul style="list-style-type: none"> Efla skógrækt, vernda og auka kolefnisforða vistkerfa. <p>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</p> <ul style="list-style-type: none"> Að rækta skóga með mikla getu til kolefnisbindingar. <p>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</p> <ul style="list-style-type: none"> Stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftlagsbreytingum. 	Hefur stefnan áhrif á bindingu kolefnis?
Heilbrigði Öryggi.	Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.	Hefur stefnan áhrif á hættu á gróðureldum?
Samfélag Atvinnulíf. Útvistarmöguleikar.	<p>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</p> <ul style="list-style-type: none"> Koma upp fleiri áningarstöðum í sveitarfélagini Auka útvistarsvæði í kringum skógræktarsvæði. Auka samstarf við skógræktarfélög/ungmennafélög um gróðursetningu plantna. <p>Aðgerðaáætlun í landgræðslu og skógrækt 2022-2031.</p> <ul style="list-style-type: none"> Efla hlutverk skóga í að stuðla að útvist. Aukin landgæði í skógum styðja við bætt lifsgæði, lýðheilsu og þróun byggða. Að vinna að auknu verðmæti skógarafurða. Að landnýting styðji við atvinnu og byggð. <p>Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019.</p> <ul style="list-style-type: none"> Auðvelda aðgengi til útvistar og auka þekkingu á málefnum skógræktar. Nýting skóga skal vera sjálfbær og skila þannig sem mestum ávinnungi til samfélagsins, þ.e.a.s. hagrænum, umhverfislegum og félagslegum ávining. 	Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri? Hefur stefnan áhrif á útvistarmöguleika?
Náttúru- og menningarminjar Fornminjar.	<p>Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028.</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar og bæta upplýsingar um þær. <p>Aðalskráning fornminja.</p>	Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

5.3 Valkostir

Í aðalskipulagi verður stefna í gildandi aðalskipulagi (núll kostur) borin saman við hugmyndir um breytt aðalskipulag.

Breytt skipulag: Skógræktar- og landgræðslusvæðið SL5 minnkar úr 1.010 ha í um 665 ha. Svæðið verður skilgreint sem landbúnaðarland undir akuryrkju. Skilgreint er nýtt 136,4 ha skógræktar- og landgræðslusvæði SL29.

Núll-kostur: Stefna skipulagsins helst óbreytt. Ekki er gert ráð fyrir nýju skógræktar- og landgræðslusvæði á Geldingasandi. SL5 helst óbreytt.

5.4 Mat á umhverfisáhrifum

BREYTT SKIPULAG

Áhrif á land og landslag er metin óveruleg. Ásýnd svæðis kemur til með að breytast lítillega með breytti landnotkun. Geitasandur er talsvert gróðursnauður og rofinn en verður áfram græddur upp sem landbúnaðarland til akuryrkju. Geldingalækur verður græddur upp sem skógræktarsvæði en á svæðinu er þegar talsverð útbreiðsla á trjám og er það í næsta nágrenni við núverandi skógræktarsvæði. Jarðvegur kemur til með að byggjast upp og gróðurhula aukast.

Áhrif á gróður og dýr eru metin jákvæð/óviss. Á báðum skipulagssvæðum er áfram gert ráð fyrir uppgræðslu lands og aukinni gróðurhulu. Þar sem svæðið er innan mikilvægs fuglasvæðis getur eftirfarandi breyting haft áhrif á fuglalíf á svæðinu, þá t.a.m. mófugla. Reynt verður að raska ekki að óþörfu svæðið sem getur haft veruleg áhrif á búsvæði fugla.

Áhrif á loft er metin jákvæð. Nýtt skógræktarsvæði kemur til með að binda í sig kolefni með útbreiðsluskógar. Svæðið undir akuryrkju kemur til með að byggja upp jarðveg og kolefnisbindingu í honum og yfirborðsgróðri.

Áhrif á heilbrigði eru metin óveruleg. Möguleg hætta vegna gróðurelda, farið verður eftir viðeigandi viðbragðsáætlunum.

Áhrif á samfélag eru metin jákvæð. Breytt landnotkun stuðlar bæði að bindingu kolefnis og landbúnaðar með akuryrkju og ræktun sem hefur jákvæð samfélagsleg áhrif í för með sér. Þá er m.a. gert ráð fyrir nytjaskógrækt seinna meir sem getur verið samféluginu til hagbóta og nýst til útivistar. Stuðlað er að matvælaöryggi með akuryrkju og fræræktun.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar skráðar minjar eru innan skipulagssvæðis.

GILDANDI SKIPULAG

Áhrif á land, landslag, gróður og heilbrigði er óveruleg. Svæðið heldur sér eins og það. Áfram er gert ráð fyrir skógrækt- og landgræðslu á Geitasandi og Geldingalækur verður ekki græddur upp.

Áhrif á samfélag er óveruleg. Engin breyting.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar er óveruleg. Engar skráðar minjar eru innan skipulagssvæðis.

5.4.1 Niðurstaða

Sveitarfélagið er hlynnt breytingunni þar sem áfram er unnið að uppgræðslu á rofnu landi. Skógræktarsvæði breiða úr sér og svæði grædd upp til landbúnaðar sem hafa félagsleg, efnahagsleg og umhverfislegan ágóða í för með sér. Þá er einnig verið að taka fyrrum uppgræðslusvæði til landbúnaðar/akuryrkju sem ávallt hlýtur að vera eitt af markmiðum með uppgræðslu gróðurlítilla svæða.

6 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Skipulagslýsing var kynnt í maí 2024. Umsagnir bárust frá Umhverfisstofnun, Vegagerðinni, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Skipulagsstofnun.

6.1 Umsagnaraðilar


Óskað verður eftir umsögnum frá eftirtöldum aðilum:

- Skipulagsstofnun
- Náttúruverndarstofnun
- Minjastofnun Íslands
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Náttúrufræðistofnun Íslands
- Land og skógar

Eftir atvikum verður leitað eftir umsögnum annarra aðila, þá m.a. innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.

6.2 Skipulagsferlið

Eftirfarandi er líklegt skipulagsferli.




6.3 Breytingar að lokinni auglýsingu

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á uppdrætti né greinargerð. Örlitum texta var bætt við varðandi aðkomu í kafla 2.

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028


Breyting aðalskipulags - Geitasandur



GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR

Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- [- - -] Sveitarfélagmörk
 - Bærir
 - Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetning
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- - - Slóðar
- - - Reiðleið
- (L) Ljósleiðari
- (R) Háspennulína 132-220 kV
- Á, lækur
- Stöðuvatn, tjörn
- Hæðarlínur
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Flugvellir
- Frístundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði
- Landeignaskrá



BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR





Breyting - aðalskipulags
Geitasandur

Verk: 109123 Blaðstærð: A4
Unnið: GAL Rýnt: SOS

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 03.06.2024
Breytt dags:

Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Breyting aðalskipulags - Geldingalækur



Skýringar

- Svæði sem breytingin nær til
- Sveitarfélagsmörk
 - Bærir
 - Endurværpi
 - Friðlýstar fornminjar, ónákvæm staðsetning
- Tengivegir
- Héraðsvegir og aðrir vegir
- - - Sloðar
- - - Reiðleið
- (H) Hitaveita
- (L) Ljósleiðari
- (R) Háspennulína 132-220 kV
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Á, lækur
- Stöðuvatn, tjörn
- Hæðarlínur
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Iðnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Vatnsból
- Fristundabyggð
- Iðnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Íbúðarbyggð
- Óbyggð svæði
- Landeignaskrá



Breyting - aðalskipulags
Geldingalækur

Verk: 109123 Blaðstærð: A4
Unnið: GAL Rýnt: SOS

Mælikvarði: 1:50.000 Dags: 03.06.2024
Breytt dags: